

Erindisbréf fyrir vinnuhóp um fjarskipti og samgöngur í Eyjafjarðarsveit

1. gr.

Skipan og starfstími

Vinnuhópur um fjarskipti og samgöngur er skipaður af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar. Í hópnum sitja Árni Sigurlaugsson, Karl Jónsson formaður, Kristín Bjarnadóttir, Lilja Sverrisdóttir og Tryggvi Jóhannsson. Skipunartími hópsins er frá 15. júní 2014 til 15. júní 2016.

2. gr.

Hlutverk

Hópnum er ætlað að vinna tillögur fyrir sveitarstjórn að umbótum í fjarskipta- og samgöngumálum. Fyrri hluti verksins snýr að fjarskiptum en markmið sveitarstjórnar er að koma á góðum og áreiðanlegum fjarskiptaleiðum í allt sveitarfélagið. Hópnum er ætlað að gera úttekt á núverandi stöðu mála, væntanlegri þróun, greina valkosti, leggja fram kostnaðarmat og jafnframt tilgreina ætlaðan verktíma fyrir hvern valkost. Síðari hluti verksins lýtur að samgöngum í sveitarfélaginu. Er hópnum ætlað að gera grein fyrir núverandi stöð mála og hvar úrbóta er þörf á akvegum, reiðvegum, göngu- og hjólastígum og flugbrautum.

3. gr.

Skil

Hópurinn skal skila sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar stöðuskýrslu um fjarskipti 1. febrúar 2015 og lokaskýrslu um þann þátt 15. maí 2015. Stöðuskýrslu um samgöngur skal skila 1. febrúar 2016 og lokaskýrslu 1. júní 2016.

4. gr.

Ábyrgð og umsjón

Formaður hópsins boðar til funda og ber ábyrgð á að fundargerðir verði ritaðar. Þær skulu sendast sveitarstjóra um leið og þær hafa verið staðfestar. Sveitarstjóri starfar með vinnuhópnum. Vinnuhópurinn tekur laun til jafns við annað nefndarfólk hjá Eyjafjarðarsveit.

10. september 2014
Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar